



Leigusamningur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602 - 4410, hér eftir nefndur leigusali og Árnes á Íslandi ehf kt. 560317-1070, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svohljóðandi leigusamning:

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka neðangreinda aðstöðu í félagsheimilinu Árnesi:

- Eldhús með tilheyrandi búri og starfsmannasnyrtingu um 40 m².
- Flísasalur um 118 m² ásamt verönd með skjólveggjum sem liggur beint út úr sunnanverðum flísasal.
- Mötuneytissalur ásamt anddyri og snyrtingu um 90 m².
- Aðalsalur aðalinngangur og snyrtigar.

Að auki fylgir framangreindu húsnæði búnaður og áhöld samkvæmt lista sem skal fylgja samningi þessum og er samþykktur af leigutaka og leigusala.

2. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 1. apríl 2020 og gildir til 30. september 2020. Leiga nær eingöngu yfir helgar í apríl, maí og september. Staðfesti hvorki leigusali eða leigutaki lok leigutímans framlengist samningurinn ótímabundið eftir það, en er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara hvenær sem er að þeim tíma liðnum.

3. gr.

Fjárhæðir og greiðsla leigu er eftirfarandi:

- Greiðsla fyrir veitingaaðstöðu í Félagsheimilinu Árnesi skal vera 250.000 kr. á mánuði mánuðina júní, júlí, ágúst og september. Greiðsla fyrir apríl, maí og september er 50.000 kr. Fyrir hvern mánuð. Leiguverð tekur ekki breytingum vísitölu ofangreinda mánuði.
- Leigutaki skal greiða leigu fyrir hvern mánuð eftir á.

4.gr.

Kostnaður vegna rafmagns í veitingaaðstöðu í Félagsheimilinu í Árnesi er greiddur af leigutaka samkvæmt sér mæli, en hitunarkostnaður, vatnsskattur og sameiginlegur kostnaður er innifalinn leigu.

5.gr.

Veitingaaðstaða í Félagsheimilinu Árnesi er leigð leigutaka til veitingasölu, reksturs mótneytis og skylds reksturs. Önnur starfsemi er óheimil nema með samþykki leigusala.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og svæði. Skylt er honum að bæta að fullu skemmdir er orsakast kunna af vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

Leigutaki skal annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Leigutaki sér einnig um viðhald sem kemur til af völdum hans, starfsfólks hans, eða annarra (manna sem hann hefur leyft aðgang að húsnæðinu eða umgang. Leigusali sér um allt venjulegt viðhald utanhúss. Leigusali annast viðgerðir á gluggum, raftækjum hreinlætistækjum og öðru því sem fylgir húsnæðinu ef leigutaki sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjónar leigutaka eða fólks á hans vegum.

Leigutaki getur komið með tillögur að viðhaldsverkefnum í tengslum við árlega



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

fjárhagsáetlunargerð leigusala, þeim ber að skila fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Leigutaka ber að leita til leigusala með viðhaldsverkefni sem koma upp á hverjum tíma og eru í skyldum leigusala að sjá um.

Að öðru leyti en hér að framan greinir varðandi viðhald á leigðu húsnæði, skal fara eftir IV. kafla Húsaleigulaga 1994 nr. 36.

Öll viðhaldsverkefni skulu borin undir sveitarstjóra eða umsjónarmann fasteigna til samþykktar, sé það ekki gert ber leigutaki sjálfur kostnað vegna verksins.

6. gr.

Leigutaka er heimilt að innréttu húsnæðið í samráði við leigusala. Naglfastar innréttningar verða eign leigusala að leigutíma loknum. Leigutaka er óheimilt að endurleigja húsnæðið nema að fengnu samþykki leigusala. Leigutaki hefur heimild til að merkja húsnæðið að utanverðu í samráði við leigusala.

7. gr.

Leigutaki tekur að sér á grundvelli áralangrar hefðar að leigja Kvenfélagi Gnúpverja aðstöðu í eldhúsi, flísasal félagsheimilisins Árnесс fyrir erfidrykkjur. Gerður verður þríhliða samningur milli leigutaka, leigusala, og Kvenfélags Gnúpverja varðandi þennan þátt leigusamningsins. (fylgiskjal 2)

8. gr.

Hafi leigutaki ekki gert skil á leigu á umsöndum tíma og eftir skriflega áskorun þar um eða standi ekki við önnur skilyrði þessa samnings má segja upp samningi við hann, án fyrirvara.

9. gr.


Við lok leigutíma er leigutaka skylt að skila hinu leigða húsnæði að öllu leyti í góðu ástandi að öðru leyti en því sem telst slit af eðlilegri notkun og venjulegri umgengni. Leigutaki leggur fram tryggingu sem nemur fjárhæð leigu í einn mánuð.

10. gr.

Þar sem ákvæði samnings þessa ná ekki til skulu gilda ákvæði laga nr. 36 1994, húsaleigulög.


11. gr.

Rísi mál af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.
Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.


F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Kristófer Tómasson

Árnesi janúar 2020.


Leigutaki
Fyrir hönd Árnes á Íslandi
Þórður Ingvarsson

Vottar að réttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Nafn: Kristjana Hayden Kennitala: 291250-354 Nafn: Pundiur Jónsdóttir Kennitala: 150157-3929